Háæruverðugum

herra Dr. theol. P. Péturssyni.

biskupi.

frá höfundinum.

RÆÐA

við vígslu

STAFHOLTS KIRKJU,

22. Sunnud. eptir Trinitatis 1848,

haldin af

Ólafi Pálssyni,

presti í Stafholts og Hjarðarholts söfnuðum.

Landsbókasafn

Reykjavík.

Prentuð í prentsmiðju landsins af H. Helgasyni.

1849.

Til lesendanna.

Þegar eg tók saman ræðu þessa og flutti hana fram, kom mèr engan veginn til hugar, að það mundi liggja fyrir henni, að koma fyrir almenníngs sjónir á prenti. Síðan ræðan var flutt, hafa nokkrir orðið til að mælast til þess, að hún yrði prentuð, og hefi eg látið tilleiðast, ekki sízt af því, að það var heldur lagt til af þeim, sem eg áleit að væri einna færastur um að meta þesskonar ritgjörðir. Eg hefi gjört mèr far um, að láta ræðuna koma fram, sem líkasta því, er hún var framflutt, sem þó er ekki svo hægt, því eg, að mínu leiti, verð að kannast við, að hjá mèr breytist opt frá handritinu, þegar eg flyt ræður; en að eg hafi ekki gleymt þessu, mun mega sjá á stöku stað. Að ræða þessi hafi marga galla, það mun enginn vera fúsari á að kannast við, en eg sjálfur. Ætti eg að telja henni nokkuð til gyldis, þá er það helzt það, að hún er ekki að öllu leiti ókirkjuleg — kirkjulegar álít eg að þvílíkar ræður eigi að vera; en skortur á því mun hèr vera almennasti gallinn á ræðum, þótt það fari mjög fjærri, að hann finnist hjá öllum. Þetta var nú ein ástæðan til þess, að eg lèt það eptir, að ræðan væri prentuð.

Af því nokkur orð í ræðunni víkja að því, ætla eg að geta þess, að kirkjan hèr í Stafholti, sem er hin lángstærsta í þessari sýslu, var áður lèlegt torfhús, en var nú gjörð að laglegu timburhúsi. Orðin í upphafi bænarinnar, á undan ræðunni, hafa tillit til sálmanna No. 197 og No. 321 í sálmabókinni, sem voru súngnir á undan vígslunni. Á eptir var lesin „drottinleg bæn" og lýst venjulegri blessan yfir söfnuðinum. Þar á eptir var súnginn sálmurinn No. 104, og skömmu seinna byrjuð hin fyrsta messugjörð í kirkjunni.

Stafholti, í Febrúarmánuði 1849.

Ó. Pálsson.

Til þín, himneski Faðir! upplyptu sèr vorar saung raddir, til þín uppstigu andvarpanir vorra hjartna. Æ! lát þær finna miskunsamlega áheyrn fyrir þèr — eins og vèr í trúnni leitum þín og þinnar guðdómsnálægðar, svo vertú, alvaldi Guð! oss hvergi fjarlægur. Þú, sem megnar alla hluti með orði þíns kraptar, vertú í verki með oss, styrk þú með þínum krapti af hæðum veikleika vorn — blessa og lát þèr vel þóknast þá heilögu athöfnina, sem hér skal fara fram. Helga þú sjálfur með þinni blessan af hæðum það húsið, sem vèr helgum hèr í þínu nafni — lát það vera þína eginlega eign, sem ekkert vanheilagt, ekkert syndugt fái skilið frá þèr. Lát það efla þinn heiður, þína eilífa dýrð; lát það verða oss, sem tilbiðjum þitt heilaga nafn, öflugt meðal til vorrar sönnu velferðar, til vorrar eilífu sameiníngar með þèr. Bænheyr það fyrir Jesúm Krist. Amen!

Einn missiristími er þegar umliðinn, síðan vèr, elskuðu Guðs börn! komum seinast saman í þessu húsi. Vèr urðum að sinni að slíta vora samfundi — tímans fyrníng hafði svo gengið yfir það Guðs musterið, sem hèr stóð, að þeim varð ekki lengur haldið

áfram. Nú er þá laungun vor uppfyllt, að sjá það risið upp aptur í nýrri og fegurri mynd, að sjá það bæði tignarlegra og verðugra sínu háleita augnamiði, og það svo, sem vèr gátum gjört oss von um, að kríngumstæðurnar mundu leyfa. Vèr getum ekki staðnæmzt hèr svo, að vèr sjáum ekki í þessu stjórnun hans, sem vèr nú viljum helga þetta hús, hans, sem blessar alla guðrækilega atorku, sem aldrei neitar um sína aðstoð og blessan, þegar hennar er leitað með einlægni í hans ótta. Hann var það, sem gaf bæði vilja og mátt yður öllum, sem hèr áttuð störfum að gegna, svo að hver höndin var reiðubúin til að styrkja aðra, hvar sem þess þurfti, og verkið gekk svo frá hendi, eins og einn maður hefði unnið það. Hann er það, sem nú gefur yður með ánægju að líta ávöxtinn verkanna — og því komið þèr eflaust ekki hèr, án þess að hjartað með þakklátum tilfinníngum hefji sig til hans, sem var með yður í verki. Og ekki sízt ber mèr að offra þessarri fórn til hins alvalda: eg hefi í sannleika fundið það í þessu, eins og í svo mörgu öðru, að sá var hvergi fjarlægur, sem er máttugur í veikleikanum — eg finn það og játa, að hèr var hulin hönd í verki, sem lètti þá byrðina, er í fyrstu kunni að virðast kröptunum ofvaxin. Mig hefir hjartanlega lángað eptir þessarri stundu, eptir því, að sjá yður komna hèr saman, eptir því að geta, svo sem mínum veiku kröptum er unnt, rækt það erindi, sem Drottinn bauð mjer að rækja á þessum stað. Og eg get eflaust ekki rángt í vonirnar, þó eg búist við því, að áþekk laungun hafi hreift sèr hjá allmörgum yðar. Og lof og þakkargjörð sè honum, sem svo opt uppfyllir vora hjartans laungun, og hefir enn þá gjört það í því efni, sem oss er nærsta heilagt og dýrmætt. Það er margt, sem gjörir, að vèr elskum og álítum oss mikilsverdt það hús-

ið, sem er helgað Drottni — tilvera þess og ákvörðun er svo nákvæmlega sameinuð því, er miðar til vorrar andlegu, eilífu velferðar. Það eru að sönnu viss og óraskanleg sannindi, að Drottinn himins og jarðar býr ekki í þeim húsum, sem með höndum eru gjör, hann verður allstaðar tilbeðinn í anda og sannleika; en það er venja þeirra, sem tilbiðja hans heilaga nafn, og sú venja er honum þóknanleg, að honum sèu helgaðar vissar stundir og vissir staðir, þar sem það eitt sè haft um hönd, að lofa hann og tilbiðja, þar sem allir með einum anda geti komið fram fyrir hann og fært honum fórnir hjartnanna. Því eru og í húsi Drottins hafðar um hönd þær athafnir, er samferðast hinum merkustu atriðum mannlegs lífs. Þvílík var ákvörðun hins heilaga hússins, sem stóð á þessum stað, og hin sama er þess, sem vèr nú viljum vígja í nafni Drottins. Hèr hafa margir af yður gefið Drottni þau heit, sem órjúfanlegast af öllu sameina yður honum. Hèr hafa yður ár eptir ár verið guðspjöllin boðuð; hèr hafið þèr heyrt þau blessuðu orðin, sem hafa verið yðar trúfastasti leiðarvísir á vegi lífsins og yðar mildasta huggan. Hèr hafið þèr ljósast orðið sannfærðir um það, að það er vilji Guðs, að þèr sèuð limir eins líkama, hvers höfuð að er Kristur. Hèr hafa margir yðar staðfest þá sáttmála, sem Drottinn gaf til þess, að grundvalla varanlega yðar jarðnesku velferð til undirbúnings undir hina eilífu. Hèr munu, eins og það híngað til hefir skeð, og margir kunna að girnast, ekki allfáir af oss verða færðir hina síðustu gaunguna á þessu landi dauðlegleikans. Og því er þessi staðurinn kosinn til þvílíkra athafna, að hann er helgaður Drottni, en allt þetta skeður og á að ske í hans nafni, í trúnni á hann. Og eins og þetta hefir á þessum stað framfarið til lofs og dyrðar Guðs heilögu nafni, svo gefi

hann og af náð sinni fyrir Jesúm Krist, að það verði framvegis í þessu húsi, sem vèr nú helgum honum með hinni gömlu hjartnæmu bæn til Guðs: *þitt auga sè opið nótt og dag yfir þessu húsi, yfir þessum stað, um hvern þú hefir sagt: þar skal mitt nafn vera, að þú heyrir þá bæn, sem þinn þjón mun frambera á þessum stað* (1. kóngab. 8, 29.) Þessi bænarorð skulu við þetta hátíðlega tækifæri stýra vorum hugleiðíngum, sem Guð virðist náðarsamlega að blessa í Jesú nafni!

Drottinn! þitt auga sè opið nótt og dag yfir þessu húsi! Heyr þú í Jesú nafni þessa bæn! heyr hana og lát rætast á mèr og hverjum sem hèr kann að þjóna þèr eptir mig liðinn! Þá mun og hèr búa sú blessan, sem allstaðar er útbreidd, þar sem þú lætur ljóma ljósið þíns auglitis. Svo biðjum vèr allir samhuga, biðjum Föðurinn á himnum, vegna þeirra, sem hèr munu kenna hans orð, vísa sannleikans og lífsins veg. Ekkert auga getur eins gætt þeirra, þar sem þeir vinna hèr í hans þjónustu, eins og hans, hins trúfasta verndarans, hins alvitra og alvísa, sem sjer og þekkir allt.— og þá er það í sannleika opið yfir þessu húsi, þegar hann gætir þeirra, leiðir þá, annast og styrkir hèr í verki þeirra köllunar. Sjálfur hefir hann gefið oss sitt blessaða orð; það kom hèr að ofan, frá honum, ljósanna föður, eins og hin bezta og fullkomnasta gjöf — og hann, sem með trúfesti bar umhyggju fyrir því, dróg ekkert í hlè til þess, að það í fyrstu kæmi hreint og óflekkað til sinna barna, honum einum trúum vèr og fyrir þeirri vorri miklu sálarnauðsýn, að varðveita þá stöðuga og óbifanlega, ætíð ávaxtarsama í sínu verki, sem hann kallaði til að rækja það, svo

þeirra erfiði í hans þjónustu ekki verði forgefins. Sá sem gengur í musteri Drottins, til þess að þjóna honum þar, hvar skyldi hann leita sèr fulltíngis til þess að geta staðizt, ef ekki hjá honum, sem kallaði hann þángað, honum, sem er trúfastur og bregðst aldrei þeim sem treysta á hann, sem megnar alla hluti og gefur allan styrkleika? Hvern skyldi hann hafa í minni, til þess að gleyma ekki þeirri trúmennsku, sem hann er skyldugur um, ef ekki þann hinn heilaga og rèttláta Guð, sem elskar dygð og trúmennsku og lætur þvílíkt aldrei vanta sín laun? Hvar skyldi hann leita ráðs og skilníngs, til þess að hafa aldrei skort á þekkíngu á hinni guðdómlegu spekinni, til þess að geta haft hana rètt um hönd, að geta svalað með hinu sanna lífsins vatni þeim, sem þyrstir eptir Guði og hans náð, að geta auðgað hinn andlega volaða, mettað þann, sem húngrar eptir Guðs rèttlæti með hinni himnesku fæðunni, huggað hinn ángráða, styrkt hinn veika? hvar skyldi hann leita alls þessa, ef ekki hjá honum, sem gaf oss orðið, hið heilaga og dýrmæta sáluhjálpar meðalið, með hverju þetta á að ske? Hann, sem fèkk oss þessa háleitu gjöf í hendur, hann einn getur gefið vísdóm til að útbýta henni rèttilega þeim sem leita hennar — hjá honum er vísdómsins uppspretta. Enginn annar en kraptarins Guð getur gefið því orðinu, sem flutt er, líf og fjör, svo það hrífi hinn villuráfanda, hinn þverbrotna syndarann frá villu hans vegar, og leiði hann á götu Guðs. Já, sá sem þjónar í hverju Guðshúsi, hann á að uppbyggja það — og lítið mundi hans áhyggja stoða, ef Guð ekki byggði það með honum, næsta skammsýn mundu augu sálar hans, ef ekki hið alskygna og vísdómsfulla augað væri sífeldt vakandi og opið yfir honum og yfir húsinu og gætti þess. Og því, þegar vèr í huganum

litum yfir ókomna tíð, framm í veginn til þeirra, sem hèr í þessu húsi munu þjóna Guði, þá er þeirra vegna vor ítrekuð bæn til Guðs: *Drottinn! þitt auga sè opið nótt og dag yfir þessu húsi;* eins og þú einn kannt að gæta þess og þeirra sem vinna hèr, svo gef þeim að sleppa aldrei þeim þánka úr þeirra hjörtum, að þitt hið alskygna augað sjer þá á öllum þeirra vegum, ransakar allt það, er hrærist í hjörtum þeirra — þú, sem plantaðir eyrað, heyrir hvert orðið, sem hèr verður framflutt! Gef þeim að minnast þessa, og þá mun allt það, sem framfer hèr, verða, eins og byrjar, þínu heilaga nafni til lofs og dýrðar!

En — einnig þèr eigið að yðar leiti að uppbyggja þetta hús, þèr, sem hèr eptir munuð í því tilbiðja Drottinn himins og jarðar, og þeir, sem eptir yður munu gjöra það. Því uppfyllist og yðar vegna vor hjartans bæn, þegar Guð stýrir gaungu yðar híngað, gætir yðar hèr, að yðar tilbeiðsla sè í anda og sannleika, að þèr flytjið það með yður hèðan, sem styrkir yður í trúnni, sem nálægir yður æ meir og framar sameiníngunni við Guð, sem að er yðar æðsta ákvörðun. Þá er Guðs auga opið yfir þessu húsi, þá er hans máttur kröptugur til að varðveita það eptir sinni ákvörðun, þegar hann lætur náðarverkanir síns anda hrífa hjörtun og vernda þau, svo að þau elski þenna stað, finni sína lystíngu í því, að vera hèr svo opt, sem tækifærin bjóðast. Því, hvað er það, sem dregur manninn, eða á að draga hann til hinna helgu staðanna, á þeim stundum, sem helgaðar eru dýrkun Drottins? hvað annað, en elskan til hans og til þess orðsins, sem hann gaf, sem þar er að heyra? Og sè þessi elska rótfest í hjartanu, þá verður húsið dýrðlegra fyrir hvern þann, sem gengur hèr inn; þá eflist dýrðin Guðs heilaga nafns, sú dýrð, sem á að búa hèr inni, þegar þau hjörtun,

sem senda hèðan upp sínar andvarpanir í himininn til hans, þau gjöra það í þeirri elskunni, sem yfirgrípur allt það, er heilagt er í líferni mannsins, sem tengir og styrkir það band, er sameinar Guð og hans börn, sameinar himin og jörð. Þá eflist Guðs dýrð, þegar allt það, sem hèr verður framborið, til þess að lofa hann og ákalla, öll þau bænar andvörp, sem þèr sendið upp hèðan, koma af því hjartalagi, sem gagntekið er af trúnni á hann, trúnni, sem er sú manninum innrætta vissa, að hann heyri Guði til, sem lætur hann ekkert hugsa, ekkert tala eður gjöra, nema í hans nafni, í honum, sem er hèr fyrir ofan. Þá eflist Guðs dýrð fyrir það allt, er hèr framfer, þegar einnig hið ytra ber það með sèr, að hèr er komið og verið í nafni Drottins, til þess að lofa hann og ákalla; þegar alls þess er gætt, einnig í hinni ytri siðseminni, sem auðkenni þessar hinar heilögu athafnirnar frá hinum hversdagsligu, þær helgu samkomurnar frá öðrum, hinum veraldlegu. Og gefi Guð, hann sem gefur allt gott, gefi hann, að alls þessa sè gætt af þeim, sem koma hèr saman, þá hefir hann og heyrt vora hjartans bæn, þá er hans auga opið yfir þessu húsi; þá annast hann af föðurlegri náð hina andlegu, eilífu bygginguna, það musteri sitt, sem þetta hið jarðneska á að þjóna.

Drottinn! þitt auga sè opið nótt og dag yfir þessu húsi! Eins og vèr af hjarta biðjum þessa í andlegu tilliti, svo biðjum einnig til Drottins, að hann varðveiti þessa hina jarðnesku bygginguna, sem vèr helgum honum. Eins og vèr elskum hann, svo getum vèr ekki annað en elskað það húsið, sem er helgað til hans dýrkunar. Vèr elskum það, því þar getum vèr vænt, að hans blessaða lífsins orð búi ríkuglegast á meðal vor, þar höfum vèr von um að

komast í nánasta sameiníngu við hann, að meðtaka pantinn hans óendanlegu elsku og trúfesti við oss. Tilvera þessa húss er samtengd voru hjarta, svo lengi sem það hefir sína gleði, sína svölun og sinn frið í því að lypta sèr til Guðs, að vera í þeim hlutum, sem hans eru og umgángast hann. Því biðjum vèr hann, hvers dýrð að á að búa í þessu húsi, að varðveita það, að láta það aldrei standa í eyði fyrir öldum nè óbornum; heldur þó það eldist og fyrnist við tímans lengd, og taki þátt í sameginlegum kjörum allra jarðneskra hluta, þá megi það jafnan veglegra og veglegra rísa upp aptur, þeim til gleði, sem það er ætlað til andlegrar nytsemdar, en hans nafni til lofs og dýrðar, sem allt á að vegsama á himni og jörðu.

Og sè sú bæn, sem vèr framberum hèr í dag, náðarsamlega heyrð af Drottni, þá mun það og rætast, sem hann hefir sagt, og vèr heimfærum uppá þetta hús, að *hèr skuli hans nafn vera*, það nafn, sem er yfir öllum nöfnum. Vor þánki getur ekki yfirgripið Guðs veru, og því síður innibyrgir hann nokkurt það hús, sem með höndum er gjört — það eitt er, sem vèr getum vænt, og um það biðjum vèr í Jesú nefni, að hèr megi jafnan búa með oss heiður og vegsemd hans dýrðlega nafns, að hèr búi ríkuglega hið blessaða orðið, sem útbreiðir hans dýrð um heiminn. Og þetta mun þá ske, þegar hans auga er jafnan opið yfir þessu húsi, þegar hann gefur sína náð þeim sem kenna hèr hans orð, og eins þeim sem heyra það, að þeir geymi það í góðu og siðsömu hjarta — þegar hann ber föðurlega umönnun fyrir, að hèr sè stöðuglega niðursáð því hinu góða sæðinu, og eins að það falli í góða jörð, þar sem það beri ríkuglega ávexti rèttlætis og helgunar fyrir Guði.


Og í þessari von og þessu trausti, og *í nafni*

Drottins, í nafni Guðs Föðurs, Sonar og Anda heilags innvígi eg þetta nýbyggða hús til helgrar Guðs dýrkunar, fráskil það allri vanhelgandi sýslan, ákvarða það til þeirra athafna einúngis, sem skulu framfara til lofs og dýrðar Guði og hans kristnum söfnuði til andlegrar velferðar. Og — þú Guð Faðir! himins og jarðar Drottinn! þú sem frá þínum himnesku bústöðum sjer og heyrir það allt, er vèr gjörum í þínu nafni, *heyr þá bæn, sem þinn þjón framber á þessum stað!* heyr það, sem vèr allir biðjum þig! Lát þína blessun vera yfir því verkinu, sem hèr er gjört, yfir þessu þínu húsi! Lát hana fylgja oss öllum, margfaldast yfir oss og hverjum þeim, sem gengur hèr inn, til þess að ákalla og tilbiðja þig! Lát jafnan þinn anda og þitt orð búa hèr ríkuglega! Lát engan þann koma hèr til forgefins, sem kemur híngað með hjartans laungun eptir þinni sáluhjálplegri þekkíngu — gef þeim öllum í ríkuglegum mælir að ausa af hinni lifandi vatnsuppsprettunni, gef þeim að drekka þar af, svo þá þyrsti ekki að eilífu! Heilagi Faðir! fyrir þèr er ekkert orð ómáttugt — gef þú þeim, sem sèr í lagi hafa villzt út af þínum vegi, vegi dygðar og sáluhjálpar, gef þeim að finna jafnan hèr þína nálægð, þínar bendíngar, sem leiði þá á hinn rètta veginn! Helga og blessa þú hvern þann sáttmála, sem hèr er staðfestur í þínu nafni! Lát allt þvílíkt framfara til dýrðar þínu heilaga nafni, til velferðar þínum börnum! Þú mildi huggunarinnar Guð! vertú með þinni líkn og huggun nálægur hverri þeirri sálu, sem kemur hèr fram fyrir þig ángruð og mædd af heimsins sorg og synd! gef öllum þvílíkum þína svölun og þinn frið! Afþerra þú með mildri föðurhendi allra þeirra tár, sem eiga sorgargaungu um þenna heilaga stað, þú sem ert huggari hinna sorgbitnu, forsvar

ekknanna og faðir föðurlausra! Til þín, himneski Faðir! lypta sèr vor hjörtu, þó vèr kunnum ekki með orðunum að frambera vora nauðsýn. Æ! uppfyll þú alla vora þörf, eptir þínum dýrðar ríkdómi! tak þú náðarsamlega að þèr þenna þinn söfnuð! þeir sem þú gætir, kunna ekki að glatast. Blessa oss alla í Jesú nafni, blessa einnig þá mörgu, sem hèr hafa frá fjarlægari stöðum sókt að þínum helgidómi! hvern sem þú blessar, hann er að eilífu blessaður. Heilagi herra Guð! bænheyr þú oss. Amen! Amen!



Lbs - Hbs / Þjóðdeild



100716846-4